

## Sundfélagið Grettir

Afhending 2012/70

Sundfélagið Grettir var stofnað árið 1937. Tilgangur félagsins var að stuðla að útbreiðslu sundíþróttarinnar, innan héraðs og utan. Í lögum félagsins var kveðið á um að þeir einir fengju inngöngu sem náð hefðu 10 ára aldri og að félagsmenn hefðu ekki atkvæðisrétt á félagafundum fyrr en við 14 ára aldur. Björn Halldórsson var kjörinn fyrsti formaður félagsins.

Fyrstu starfsár félagsins var það mjög virkt og sendi félagsmenn á hin ýmsu sundmót auk þess að standa sjálft fyrir sundmótum á Akureyri. Árin 1940 og 1941 var félagið hinsvegar í dálítilli lægð en sendi þó nokkra félagsmenn á sundmót. Stærsta ástæða þessarar lægðar var koma breska hersins til Akureyrar en herinn leigði sundlaugina 2 daga í viku, auk þess sem hún var lokuð um helgar vegna þrifa.

Árið 1942 náði félagið sér upp úr lægðinni í nokkurn tíma og hóf aftur reglubundnar æfingar, stóð fyrir sundmótum og sendi félagsmenn á sundmót. Félagið stóð einnig fyrir kvöldskemmtunum og beitti sér fyrir því að leikfimi yrði kennd í Barnaskólanum.

Afhendingin inniheldur fundargerðabók félagsins. Síðasta fundargerðin í bókinni er dagsett þann 14. mars 1946 en á þeim fundi var samþykkt að leggja félagið niður.

Afhendingin barst frá Axel Gíslasyni. Önnur afhending frá sama skjalamyndara er 855.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
28. febrúar 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
		<b>A-Sundfélagið Grettir</b>	
		A-Sundfélagið Grettir	1937 - 1946
		<b>Sundfélagið Grettir</b>	<b>2012 / 70</b>
2012 -	A / 1 1	1937- 1946 Fundargerðabók	17,6 x 20,8 ib